



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Koðlavík - Njarðvík

24. fundur var haldinn í húsnæði F.S. þriðjudaginn 20. júní '978, kl. 17:00. Mættir voru auk skólameistara og aðstoðar-skólameistara þeir Gunnar Sveinsson, Ingvar Jóhannsson, Hreinn Ásgrímsson og Bergmann Þorleifsson sem er nýkjörinn fulltrúi Gerðahrepps.

1. Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Kvað hann fyrsta verkefni nefndarinnar vera það að kjósa sér stjórn.

Gunnar Sveinsson var einróma endurkjörinn formaður nefndarinnar og Ingvar Jóhannsson varaformaður, Hreinn Ásgrímsson sem verið hefur ritari nefndarinnar baðst eindregið undan því starfi. Var Jón Hólmgeirsson þá einróma kjörinn ritari í hans stað.

2. Byggingarmál skólans.

Byggingarfrákvæmdir hófust við skólann 2. maí s.l., skv. gerðri áætlun. Þá var haldið reisugildi þann 16. júní einnig samkvæmt áætlun.

Teikningar og byggingarsamningur lágu ekki fyrir þegar hafist var handa, en nú hefur endanlega verið gengið frá teikningum. Gert er ráð fyrir að unnt verði að ganga frá byggingarsamningi í næstu viku.

Þar sem ekki hefur formlega verið gengið frá byggingarsamningi, hefur ríkissjóður engar greiðslur innt af hendi til byggingarinnar ennþá. Skólameistari upplýsti að til þessa hefðu greiðslur sveitarfélaganna og víxlar útgefnir af þeim verið notaðir til að standa undir þeim kostnaði sem orðinn er. Auk þess eru margir reikningar vegna byggingarinnar ógreiddir eða á umsömdum greiðslufresti.

Þá upplýsti formaður að þantað hafi verið gler í bygginguna, og var lögsta tilboði tekið, sem var frá Samverki h.f. á Hellu.

Fleira var ekki á dagskrá, og var ákveðið að halda næsta fund mánudaginn 26. júní. Var fundi slitið kl. 18:00.

Fundarritari

Hreinn Ásgrímsson.